

# ÁRSSKÝRSLA 2014



Jákvæðni Fagmennska Traust Virðing

## Ávarp forstjóra



Árið 2014 var fyrsta heila rekstrarár sameiginlegrar stofnunar stjórnsýslu í samgöngum eftir að Flugmálastjórn, Umferðarstofa, hluti Siglingastofnunar og nokkrir stjórnsýslubættir Vegagerðarinnar runnu inn í Samgöngustofu hinn 1. júlí 2013.

Í ágúst urðu forstjóraskipti og í september var starfsemin á höfuðborgarsvæðinu flutt í sameiginlegt húsnæði að Ármúla 2. Árið var mótunarár þar sem unnið var að samþættingu verkefna og gerð nýrra verkferla að hluta.

Nýjar áherslur um aukna samvinnu við atvinnulíf og rekstraraðila í samgöngum hafa verið í mótun. Alþjóðlegar kröfur um öryggi í samgöngum byggjast í auknum mæli á því að skráning atvika og frávika eigi sér stað, þau séu greind og viðbragð síðan ráðið í framhaldinu. Slíkt viðbragð getur vissulega verið tillögur að nýjum eða hertum öryggisreglum en ekki síður umbótaferli í vinnubrögðum, fræðslu og forvörnum. Með samvinnu og skilvirkni að leiðarljósi færumst við nær sameiginlegu markmiði um öruggar samgöngur. Mikilvægur liður í því er ábyrgð þeirra sem hanna og reka samgöngumannvirki og farartæki eða stjórna þeim, en ekki ógnandi refsivöndur eftirlitsaðila. Samgöngustofa vinnur einnig með fagræðum sem hafa það hlutverk að vera innanríkisráðherra til ráðgjafar um flug, siglingar og umferð.

Stefnumark okkar hvern einasta dag, í hverri einustu ferð er að koma heil heim. Ásetningur um slysalausar samgöngur, þar sem engir mannskaðar verða á Íslandi, verður ætíð að vera okkur efst í huga. Sú neytendavernd og öryggi sem Samgöngustofa vinnur að með rétttri skráningu samgöngutækja og skoðun þeirra, eftirliti með menntun og

hæfni þeirra sem stýra tækjum og búnaði og leyfisveitingum til rekstraraðila er mikilvæg. Ekki hvað síst er varðar alþjóðlega samkeppnishæfni þjóðarinnar með gagnkvæmum viðurkenningum á flutningatækjum og skírteinum einstaklinga. Engin ferðaþjónusta eða flutningastarfsemi væri stunduð við landið ef ekki væri unnið samkvæmt alþjóðlegum samningum þar sem íslenska ríkið hefur tekið á sig miklar skuldbindingar. Í mörgum tilvikum sér Samgöngustofa síðan um framkvæmd þessara alþjóðlegra reglna og samninga. Á miklum uppgangstíma ferðaþjónunnar á sviði flugs, siglinga og umferðar á vegum er það því nánast hlálegt að Samgöngustofa þurfi að búa við skertar fjárheimildir. Fjárframlög skv. fjárlögum fyrir árið 2014 gerðu ráð fyrir hagræðingu, sem mætt var með samdrætti í rekstri á síðari hluta árs 2014. Fjárframlög fyrir árið 2015 voru síðan mun lægri en áður samþykkt þriggja ára áætlun fyrir Samgöngustofu hafði gert ráð fyrir og varð að mæta þeim niðurskurði með uppsögnum, hagræðingu og skipulagsbreytingum í byrjun árs 2015. Komið er að hættumörkum í því að Samgöngustofa standist alþjóðlegar úttektir öryggisstofnana, einkum í flugi og siglingum, en viðurkenning þeirra er skilyrði fyrir starfsleyfum margra íslenskra fyrirtækja. Því er ljóst að auknar fjárheimildir verða að koma til ef ekki á illa að fara. Eðlilegar hækkningar á gjaldskrá stofnunarinnar þurfa einnig að ná fram að ganga.

Árið 2014 var, eins og komið hefur fram, mikið mótunar- og umbreytingarár hjá Samgöngustofu. Ég vil þakka öllu starfsfólki vel unnin störf og einnig fjölmörgum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf á árinu 2014.

**Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu**



## Sameiningin

Fyrsti starfsdagur Samgöngustofu var 1. júlí 2013 að undangengnum samruna eldri stofnana, Flugmálastjórnar og Umferðarstofu, svo og stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna Siglingastofnunar Íslands og Vegagerðarinnar. Samhliða fluttust framkvæmda- og rekstrarverkefni tengd höfnum og vitum til Vegagerðarinnar, arftaka eldri stofnunar með sama nafni. Framkvæmd og þjónusta vegna flugvalla og flugleiðsögu er sinnt af Ísavia ohf. Lög nr. 119/2012 um Samgöngustofu voru samþykkt á Alþingi 30. nóvember 2012 en aðdraganda þeirra má rekja aftur til ársins 2008 þegar þáverandi ráðherra samgöngumála skipaði nefnd sem falið var að leggja fram tillögur að framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Í athugasemd með frumvarpi um stofnun Samgöngustofu eru markmið endurskipulagningarinnar tilgreind. Meðal þess sem þau fela í sér er aukinn faglegur styrkur, skýrari verkaskipting, betri þjónusta og árangur og aukin hagkvæmni. Forstjóri Samgöngustofu fyrsta starfsárið var Hermann Guðjónsson en í byrjun ágúst 2014 tók Þórólfur Árnason við stöðunni.

Öllu starfsfólki Flugmálastjórnar, Umferðarstofu, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar var við skipulagsbreytinguna boðið starf í nýrri samgöngustofnun. Þessi skilaboð voru jákvæð og uppbyggileg fyrir starfsfólk og vinnustaðinn þar með. Um leið settu þau starfsemi Samgöngustofu ákveðnar skorður sem leystar voru með tilflutningi verkefna innan stofnunarinnar. Í árslok 2014 var starfsfólk Samgöngustofu 164 talsins. Meðalaldurinn var 46 ár og kynjaskipting nokkuð jöfn, 56% karlar og 44% konur.

Í lögum um stofnunina nr. 119/2012 segir að Samgöngustofa annist stjórnsýslu og eftirlit sem lýtur að flugmálum, hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir, siglingamálum, umferðarmálum og vegamálum. Hún skal með starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum og jafnframt því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.



## Starfsemin

Í starfsemi Samgöngustofu felst stjórnsýsla samgöngumála, samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi og viðhald alþjóðlegra viðurkenninga sem eru forsendur starfsleyfa margra íslenskra fyrirtækja og einstaklinga. Starfsemi Samgöngustofu hvað varðar t.d. flug og siglingar er háð alþjóðlegu eftirliti og útkomur erlendra úttekta geta haft bein áhrif á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi. Samgöngustofa sér m.a. um undirbúning og innleiðingu laga og regluverks er lúta að starfsviði hennar, leyfisveitingar og eftirlit, auk þess að hafa yfirumsjón með öryggisáætlunum og fræðslu- og kynningarmálum fyrir allar samgöngugreinar.



## Umferð

Samgöngustofa annast stjórnsýslu og eftirlit er lýtur að stefnumótun í umferðarmálum og vegamálum. Kröfur til stjórnsýslu umferðarmála eru að miklu leyti byggðar á evrópskum reglugerðum þótt einnig séu í gildi sér-íslenskar reglur. Samgöngustofa annast skráningu og aðra umsýslu ökutækja, gerð þeirra og búnað, gefur út starfsleyfi til skoðunarstöðva og hefur eftirlit með starfsemi þeirra, svo og bílaumboða og leyfis skyldra aðila, t.d. í ferðapjónustu. Stofnunin annast skráningu og rekstur NorType-gagnagrunnsins, sem er samstarfsverkefni skráningaraðila ökutækja á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en grunnurinn inniheldur tækniupplýsingar fólksbifreiða.

Samgöngustofa hefur umsjón og eftirlit með ökunámi og ökukennslu, þ.m.t. útgáfu námskrár auk þess að annast ökuþróf og veita ökuskólum starfsleyfi. Stofnunin

tekur þátt í markmiðssetningu, ritun og framkvæmd umferðaröryggisáætlunar, sér um skráningu og greiningu umferðarslysa og nýtir þau gögn til rannsókna og fræðslu í þágu aukins umferðaröryggis innan skólakerfis, meðal íslensks almennings og erlendra ferðamanna.

Starfsemin felur einnig í sér umferðareftirlit, þ.e. eftirlit með hleðslu, frágangi og merkingu farms, svo og eftirlit með hvíldartíma ökumanna flutninga-bifreiða.

Með lögum um Samgöngustofu er stofnuninni falið eftirlit með að fylgt sé kröfum um öryggi samgöngumannvirkja og öryggisstjórnun við rekstur þeirra og jafnframt að annast öryggisúttektir á samgöngumannvirkjum.



## Flug

Samgöngustofa annast skráningu loftfara og heldur loftfaraskrá, gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri og einstaklingum sem þurfa á starfsleyfum eða sérstökum heimildum að halda til að stunda rekstur og þjónustu. Stofnunin hefur umsjón með framkvæmd flugprófa fyrir einkaflugmenn, atvinnuflugmenn og flugumsjónarmenn og gefur út einstaklings-skírteini fyrir flugmenn, flugumferðarstjóra og flugvirkja. Ítarlegar alþjóðlegar kröfur eru um stjórnýslu þessara verkefna sem markast af kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og Evrópusambandsins í formi reglugerða sem taka gildi á grundvelli EES-samningsins auk þess sem í gildi eru íslenskar reglugerðir um flug sem kröfur EASA ná ekki til. Samgöngustofa tekur fyrir hönd Íslands virkan þátt í starfsemi sameiginlegrar skrifstofu Norðurlandanna (Nordica) hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni í Montreal.

Samgöngustofa sinnir heimildarveitingum og eftirliti á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar auk þess að sinna stjórnýsluverkefnum tengdum þeim málaflokkum. Í flugleiðsögu hefur Samgöngustofa hlutverk í samskiptum sem tengjast stjórnýslu og framkvæmd hennar á Norður-Atlantshafi. Ísland sinnir mun stærra loftrými en

sem nemur lofthelgi Íslands og byggist það annars vegar á samningum við Dani og hins vegar á samningi á vegum ICAO.

Markmið flugverndar er að tryggja vernd fólks, flugvalla og búnaðar fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólöglegum aðgerðum með hliðsjón af kröfum Evrópusambandsins.

Eftirlit með flugvöllum felst í að tryggja að íslenskir flugvællir uppfylli alþjóðlegar kröfur. Á árinu 2014 hófst undirbúningur á innleiðingu evrópskrar reglugerðar EASA um flugvælli og eiga fjórir íslenskir flugvællir að uppfylla kröfur hennar fyrir árslok 2017. Stofnunin sér einnig um SAFA-eftirlit (Safety Assessment of Foreign Aircraft) á erlendum loftförum sem hafa viðkomu á íslenskum flugvöllum, en niðurstöður þess eru skráðar í samevrópskan gagnagrunn.

Samgöngustofa útfærir og framkvæmir flugöryggisáætlun. Í því felst að innleiða og fylgja eftir alþjóðlegum reglum, skráning flugatvika í samevrópskan gagnagrunn, greining flugatvika, áhættumat, áframhaldandi innleiðing öryggisstjórnunarkerfa flugrekenda og miðlun fræðslu í þágu flugöryggis.



## Siglingar


Líkt og í flugi eru kröfur til laga og reglna á sviði siglingamála markaðar af erlendum kröfum og samstarfi, t.d. við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO), Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA), Evrópusambandið (ESB) og fleiri aðila.

Á sviði siglinga annast Samgöngustofa skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins og hefur umsjón með lögskráningu sjómanna. Stofnunin annast stjórn-sýsluverkefni hafnalaga, laga um vitamál og laga um vaktstöð siglinga. Þá sér hún um útgáfu atvinnuskírteina til íslenskra sjómanna, atvinnukafaraskírteina og skírteina fyrir leiðsögumenn og hafnsögumenn skipa. Samgöngustofa gefur út undanþágur og veitir starfsleyfi vegna fyrirtækja í ferðaþjónustu á sjó, ám og vötnum.

Á innlendum vettvangi hefur Samgöngustofa eftirlit með skipum með úttektum og skyndiskoðunum, sem og nýsmíði- og breytingaskoðunum á bátum og skipum. Einnig með þeim sem hafa útgefin starfsleyfi hjá stofnuninni, svo sem í farþegaflutningum og bátaleigum, starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar og viðurkenndra flokkunarfélaga. Á árinu 2014 hóf Samgöngustofa úttektir á öryggismálum hafna og tók upp virkt sam-

starf m.a. með landsfjórðungsfundum með hafnarstjórn-um. Samgöngustofa sinnir stjórnsýslu og eftirliti varðandi SafeSeaNet-kerfið, sem rekið er í samræmi við kröfur EMSA, auk þess að sinna málefnum er varða leiðsögu á sjó svo sem stjórnsýslu og eftirliti með rekstri vita, hafnarvita og annarra sjómerkja. Alþjóðlegt eftirlit snýr að svokölluðu hafnarrikiseftirliti, en Ísland er aðili að Paris MOU, alþjóðlegu samkomulagi um hafnarrikiseftirlit. Tilgangur þess er að stemma stigu við siglingum skipa sem uppfylla ekki alþjóðakröfur um m.a. aðbúnað og réttindi áhafna kaupskipa og mengun frá skipum. Samgöngustofa hefur umsjón með siglingavernd á Íslandi, en markmið hennar er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms í alþjóðasiglingum fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólöglegum aðgerðum.

Samgöngustofa fer með framkvæmd öryggisáætlunar sjófarenda sem hefur það m.a. að markmiði að auka öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Verkefni áætlunarinnar lúta m.a. að gerð fræðsluefnis, þjálfun áhafna og öryggisstjórnun um borð í skipum.



## Skipuritið

Upphaflegt skipurit Samgöngustofu, sem gildi allt árið 2014, miðaði að því að koma til móts við væntingar um faglegan ávinning byggðan á aukinni samþættingu þvert á samgöngugreinar. Um hverja þeirra, siglingar, umferð og flug, voru sérstök svið, en einnig samhæfingarsvið og mannvirkja- og leiðsöguvið, auk rekstrarsviðs sem sér um fjármál, kerfismál og innri þjónustu. Á samhæfingarsviði er m.a. að finna utanumhald um þann fjölbreytta lagaramma sem stofnunin fylgir og gerð heildstæðra samgöngu- og öryggisáætlana. Á mannvirkja- og leiðsöguviði er eftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu á sjó og lofti, svo og verndarmál. Var skipuritið hugsað sem fyrsta skref en aukin þverfagleg þekking og þróun verkferla myndi með tímanum auka möguleika á frekari samþættingu samgöngugreina.

## Stiklur



Í upphafi var Samgöngustofa á þeim fjórum starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu sem hýst hafði eldri stofnanir, þ.e. Siglingastofnun Íslands, Flugmálastjórn, Umferðarstofu og Vegagerðina. Gerðar voru tímabundnar ráðstafanir til að stuðla að því að það starfsfólk sem ynni mest saman yrði í sama húsi en þrátt fyrir tilfærslur var starfsemi fram á mitt ár 2014 á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess var hluti starfseminnar áfram rekinn á skrifstofum á landsbyggðinni, Stykkishólmi, Ísafirði og Akureyri. Innanríkisráðuneytið fól Framkvæmdasýslu ríkisins að meta húsnæðisþörf nýrrar stofnunar og var auglýst eftir nýju húsnæði á höfuðborgarsvæðinu í desember 2013. Í ljósi þeirrar stefnu stjórnvalda að ríkið byggði ekki almennt skrifstofuhúsnæði var ákveðið að leita eftir leigu-húsnæði til 25 ára. Af þeim tilboðum sem bárust voru fjögur tekin til nánari skoðunar. Að lokum var gengið til samninga við BB029 ehf. um húsakynni að Ármúla 2.



Hinn 15. september 2014 var hátíðisdagur hjá Samgöngustofu þegar starfsfólk gekk fylktu liði frá hinum þremur gömlu starfsstöðvum í nýjar höfuðstöðvar í Ármúla 2. Má segja að þann dag hafi orðið hin raunverulega sameining þeirra stofnana sem með lögum urðu að einni rúmu ári áður. Einn og sami afgreiðslustaður þýðir samhentari þjónustu samgöngugreina og aukið hagræði fyrir viðskiptavini. Viðburðurinn, þegar skrudgöngurnar mættust í nýju húsnæði með lúðrasveit í broddi fylkinga, var sjónrænn, táknrænn og hátíðlegur og var gerð góð skil í fjölmiðlum.



Gildi Samgöngustofu - **jákvæðni, fagmennska, traust og virðing** - voru valin á sameiginlegum vinnufundi alls starfsfólksins sem var haldinn í Hörpu 14. mars 2014.



Með flutningunum í nýjar starfsstöðvar var tónninn sleginn í nýrri þjónustupróun Samgöngustofu sem miðar að auknu samstarfi við viðskiptavini stofnunarinnar. Hinn 16. október 2014 bauð stofnunin fulltrúum stærstu viðskiptavina sinna í opið hús til að kynna nýja staðsetningu. Fjölmarginir sáu sér fært að þiggja heimboðið svo fullt var út úr dyrum.

## Stiklur



Í maí 2014 fór nýr vefur, samgongustofa.is, í loftið. Var hann afrakstur sameiningar þriggja eldri vefja Umferðarstofu, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar. Vefurinn var unninn í samstarfi við Hugsmiðjuna og Fúnsjón vefráðgjöf og var við gerð hans miðað að því að hann væri notendavænn og gæti þjónað fjölbreyttum og ólíkum þörfum viðskiptavina stofnunarinnar með sem aðgengilegustum hætti. Jafnframt var mikil áhersla lögð á að vefurinn væri aðgengilegur í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur. Vefur Samgöngustofu var valinn Besti opinberi vefurinn 2014 af Samtökum vefiðnaðarins á Íslandi, auk þess að fá tilnefningu sem einn aðgengilegasti vefurinn.

Vefurinn hefur frá opnun verið vel sóttur, en um 25.000 notendur heimsækja vefinn á hverjum mánuði og eru síðuflettingar hvers mánaðar að meðaltali 215.000. Notkunin á vefnum er frekar stöðug sem bendir til þess að fagaðilar noti vefinn mikið og þá sérstaklega til uppflettingar úr ökutækjaskrá (um 30% af allri umferð). Á fyrsta hálfa starfsári vefsins jókst notkun hans í gegnum farsíma/spjaldtölvur um 4% sem telst mikil aukning. Bendir það til þess að notendur séu viljugri til að nota vefinn eftir að hann var gerður aðgengilegur fyrir farsíma.



Í tilefni af flutningum Samgöngustofu í ný og sameiginleg húsakynni stóð stofnunin fyrir fjölskyldudegi laugardaginn 11. október 2014. Starfsfólk fékk þar gott tilefni til að bjóða fjölskyldum sínum að heimsækja nýja vinnustaðinn og kynnast starfsemiinni. Nýttu sér það fjölmargir og glatt var á hjalla.

# Nokkrar tölur úr starfsemi ársins 2014

Útgefin íslensk atvinnuskírteini í siglingum: 912 / alþjóðleg atvinnuskírteini í siglingum: 267 / skírteini leiðsögumanna: 9 / skírteini atvinnukafara: 35 / skírteini björgunarskipa: 1 / skírteini skemmtibáta: 80 / haffæriskírteini: 2909  
Lögskráningar í áhöfn: 43.516  
Fjöldi skipa á skipaskrá: 2.296  
Fjöldi afskráðra skipa: 38  
Fjöldi skoðana í hafnarríkiseftirliti: 70 / fjöldi kyrrsettra erlendra skipa: 7  
Eftirlit með öryggismálum í 84 skráðum höfnum  
Hafnir með alþjóðlega verndarvottun (ISPS): 31 höfn (78 hafnaraðstöður)  
Skip með alþjóðlega verndarvottun (ISPS): 2

Heildarfjöldi starfsfólks:  
164 (72 konur og 92 karlar)

Heildarfjöldi ökutækja í ökutækjaskrá: 314.024 (fjölgun um tæplega 6.000 milli ára)  
Fjöldi bílaleigubíla: 13.723 í árslok  
Fjöldi nýskráðra ökutækja: 13.152 (fjölgun um rúmlega 3.000 milli ára)  
Fjöldi eigendaskipta í ökutækjaskrá: 111.421 (fjölgun um rúmlega 9.300 milli ára)  
Meðalaldur ökutækja: 12,7 ár (hækkaði um 3 mánuði milli ára)  
Afskráningar ökutækja: 7.213 (fjölgun um 1.250 milli ára)  
Fjöldi aðalskoðana ökutækja: 184.013 (miðað við 194.180 árið á undan)  
Fjöldi þeirra sem stóðst almennt ökuþróf: 4.923 (fjölgun um 120 milli ára)  
Orkugjafar nýskráðra bifreiða: Bensín 41,6% / bensín og metan 0,26% / bensín og rafmagn 1,84% / bensín og raftengill 0,24% / dísel 54,21% / metan 0,11% / rafmagn 0,03% / óþekkt 0,03%  
Fjöldi rekstrarleyfa til fólksflutninga: 424 (fjölgun um 76 milli ára)

Skírteini flugmanna - ný, endurútgefin eða breyttar heimildir: 717  
Skírteini flugvirkja - ný, endurútgefin eða breyttar heimildir: 163  
Skírteini flugumferðarstjóra - ný, endurútgefin eða breyttar heimildir: 58  
Fjöldi bóklegra atvinnuflugmannsprófa: 1.060 / einkaflugmannsprófa: 1.557  
Heildarfjöldi loftfara: 362  
Fjöldi atvinnuvéla: 79 / þyrta: 10 / sviffluga: 28  
Nýskráningar loftfara: 10  
Afskráningar loftfara: 13  
Fjöldi SAFA-skoðana á erlendum loftförum: 70 / fjöldi frávika og athugasemda: 22  
Leyfis skyldir alþjóðaflugvellir: 4 / áætlunarflugvellir: 9 / landingarstaðir: 46  
Útgefin eða endurnýjuð flugafgreiðsluleyfi: 8  
Útgefin leyfi vegna millilandaflugs: 15

# Rekstrarreikningur 2014

|                               | 2014                 | 1.7.-31.12.2013      |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|
| <b>Tekjur</b>                 |                      |                      |
| Sértekjur                     | 491.231.854          | 180.972.948          |
| Markaðar tekjur               | 513.822.736          | 225.059.158          |
| Aðrar rekstrartekjur          | 317.545.860          | 176.309.809          |
|                               | <b>1.322.600.450</b> | <b>582.341.915</b>   |
| <b>Gjöld</b>                  |                      |                      |
| Skrifstofa forstjóra          | 53.337.128           | 23.214.801           |
| Rekstrarsvið                  | 578.809.589          | 300.180.349          |
| Samhæfingarsvið               | 172.983.935          | 63.529.317           |
| Siglingasvið                  | 252.889.896          | 135.112.935          |
| Flugasvið                     | 274.938.630          | 134.441.324          |
| Umferðarsvið                  | 567.604.840          | 266.467.156          |
| Mannvirkja- og leiðsögusvið   | 152.095.404          | 62.873.409           |
| Biðlaun                       | 87.925.402           | 35.852.153           |
|                               | <b>2.140.584.824</b> | <b>1.021.671.444</b> |
| <br>                          |                      |                      |
| Tekjuhalli án fjármagnsliða   | (817.984.374)        | (439.329.529)        |
| Hreinar fjármunatekjur        | 58.178.986           | 24.331.053           |
| Tekjuhalli fyrir ríkisframlag | (759.805.388)        | (414.998.476)        |
| Framlag ríkissjóðs            | 694.300.000          | 378.453.211          |
| <b>Tekjuhalli ársins</b>      | <b>(65.505.388)</b>  | <b>(36.545.265)</b>  |

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2014

|                               | 2014          | 2013          |
|-------------------------------|---------------|---------------|
| <b>Eignir</b>                 |               |               |
| <b>Veltufjármunir</b>         |               |               |
| Viðskiptakröfur               | 170.286.096   | 173.044.683   |
| Aðrar skammtímakröfur         | 52.624.794    | 19.945.359    |
| Handbært fé                   | 1.272.829.435 | 1.594.318.889 |
| Veltufjármunir                | 1.495.740.325 | 1.787.308.931 |
| <b>Eignir alls</b>            | 1.495.740.325 | 1.787.308.931 |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>    |               |               |
| <b>Eigið fé</b>               |               |               |
| <b>Höfuðstóll</b>             |               |               |
| Höfuðstóll 01.01.2014         | 36.657.259    | 233.789.737   |
| Millifært á bundið eigið fé   | (129.190.627) | (160.587.213) |
| Tekjuhalli ársins             | (65.505.388)  | (36.545.265)  |
| Höfuðstóll                    | (158.038.756) | 36.657.259    |
| <b>Annað eigið fé</b>         |               |               |
| Bundið eigið fé Umferðarstofu |               |               |
| Bundið fé 01.07.2013          | 1.271.662.867 | 1.111.075.654 |
| Millifært á bundið eigið fé   | 129.190.627   | 160.587.213   |
| Annað eigið fé alls           | 1.400.853.494 | 1.271.662.867 |
| <b>Eigið fé alls</b>          | 1.242.814.738 | 1.308.320.126 |
| <b>Skuldir</b>                |               |               |
| <b>Skammtímaskuldir</b>       |               |               |
| Ríkissjóður                   | 181.622.800   | 342.852.757   |
| Viðskiptaskuldir              | 71.302.787    | 136.136.048   |
| Skuldir                       | 252.925.587   | 478.988.805   |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>    | 1.495.740.325 | 1.787.308.931 |

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

